

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 19. febrúar 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-81/2008:

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 24. nóvember 2008 bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á vörubifreið af Y. Bifreiðina segir álitsbeiðandi gallaða, gerir kröfu um að kaupunum verði rift og kaupverðið endurgreitt ásamt kostnaði við aukaskoðun, innlagn fastanúmera og bifreiðagjöld, samtals kr. 25.300.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 25. nóvember 2008, gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bærust þau frá lögmanni fyrirtækisins 2. janúar sl. eftir að skilafrestur hafði verið framlengdur. Með bréfi, dags. 7. janúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bærust þær frá lögmanni hans 9. janúar auk þess sem álitsbeiðandi sendi kæruneftndinni bréf, dags. 20. janúar. Með bréfi, dags. 12. janúar sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu nefndarinnar.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðnin er undirrituð af Z f.h. X. Í henni segir að 21. ágúst 2008 hafi X keypt vörubifreiðina A af Y fyrir kr. 550.000 og hafi kaupverðið verið greitt samdægurs.

Samkvæmt upplýsingum úr ökutækjaskrá er um díselbifreið að ræða sem fyrst er skráð 5. september 1995, forskráning hafi verið gerð 3. september og nýskráning 11. september 1998.

Þegar komið hafi verið með bifreiðina heim segir álitsbeiðandi að í ljós hafi komið að margt í henni hafi ekki verið í lagi. Hann hafi farið með bifreiðina í aukaskoðun í skoðunarstöðinni B í september sl. Í ljós hafi komið fjölmargar athugasemdir og niðurstaðan hafi verið sú að banna akstur bifreiðarinnar, en hún hafi verið skoðuð á Selfossi 6. maí sl. og þá engar athugasemdir gerðar. Þær athugasemdir sem hafi verið gerðar við bifreiðina við skoðunina 4. september verði ekki að fullu skýrðar með eðlilegu sliti.

Eftir nokkur samskipti við seljanda kveðst álitsbeiðandi hafa rift kaupunum í bréfi, dags. 15. september 2008, skorað á hana að taka bifreiðina og endurgreiða kaupverðið. Hinn 22. september hafi seljandi fallist á að kaupunum yrði rift og að hún tæki við bifreiðinni í sama ástandi og hún hafi verið seld í. Um næstu helgi kveðst álitsbeiðandi hafa komið bifreiðinni til Reykjavíkur og þá haft samband við seljanda sem hafi tjáð sé að hún ætlaði að ganga bak orða sinna og hefði ekkert við sig að tala.

Álitsbeiðandi segir að í ljósi fjölmargra galla á bifreiðinni, sem nokkrir teljist verulegir í skilningi laga nr. 50/2000 krefjist hann riftunar á kaupunum og endurgreiðslu kaupverðsins. Auk þess krefjist hann þess að seljandi greiði kostnað vegna

aukaskoðunarinnar, kr. 8.100, innlögn á fastanúmerum, kr. 1.000 og bifreiðagjöld, kr. 16.200. Álitsbeiðandi kveðst hafa lagt inn fastanúmerin 16. september sl. til þess að þurfa ekki að borga tryggingar vegna ónothæfrar bifreiðar. Bifreiðagjöldin hafi hann greitt til þess að fá númerin aftur til þess að koma bifreiðinni til Selfoss þar sem seljandi hafi samþykkt riftun kaupanna. Samkvæmt bréfi álitsbeiðanda til kærunefndarinnar, dags. 20. janúar sl., hefur bifreiðin staðið við D í Reykjavík síðan 24. september sl. og stendur enn.

#### IV

##### Andsvör gagnaðila

Í andsvörum lögmanns seljanda er á það bent að bifreiðin hafi verið skoðuð 6. maí 2008 og þá engar athugasemdir gerðar. Söluskoðun á bifreiðinni hafi ekki verið gerð enda hafi álitsbeiðandi ekki farið fram á það. Bifreiðin hafi verið afhent álitseiðanda 21. ágúst og þá hafi áhættan af bifreiðinni flust yfir á hann samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laga nr. 50/2000. Eftir það tímamark leggist því kostnaður við viðhald og viðgerðir á kaupanda. Samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu 22. desember sl. sé bifreiðin í umferð og ekki í akstursbanni.

Í skoðunarvottorði vegna aukaskoðunar 4. september sl. séu gerðar nokkrar athugasemdir við ástand bifreiðarinnar. Óljóst sé hvort ástandi hennar hafi verið ábótavant áður en kaup fóru fram en engar athugasemdir hafi verið gerðar við skoðun hennar í maí. Ekkert hafi komið fram um nýtingu eða meðferð bifreiðarinnar frá því að kaupandinn hafi tekið við henni.

Í aukaskoðun hafi t.d. verið gerðar nokkrar athugasemdir við skynbúnað bifreiðarinnar sem hefðu átt að vera kaupanda augljósar við skoðun fyrir kaupin hefðu þær þá verið til staðar, s.s. virkni ljósabúnaðar. Gera megi ráð fyrir því að rúmlega 10 ára gömul bifreið sem notuð hafi verið í atvinnurekstri og ekin yfir 300.000 km þurfi talsvert viðhald.

Seljandi hafi greitt gjöld af bifreiðinni til 21. ágúst sl. Við sölu bifreiðarinnar hafi ekki komið til þess að hluti bifreiðagjalda væri innheimtur með kaupverði og því sé endurgreiðsla þessara gjalda alfarið hafnað.

Ekki hafi komið í ljós að um verulega vanefnd sé að ræða af hálfu seljanda sem sé meginskilyrði riftunar. Riftun sé mjög íþyngjandi úrræði og því oft nauðsynlegt að leita áður annarra leiða s.s. þeirrar að krefjast úrbóta. Seljandi telji að skilyrði til riftunar á kaupum á bifreiðinni séu ekki fyrir hendi og aldrei hafi hún samþykkt riftun þeirra.

#### V

##### Athugasemdir álitsbeiðanda

Í athugasemdum lögmanns álitsbeiðanda segir að ástandsskoðun hafi ekki farið fram þar sem skoðunarstofur bjóði ekki upp á þá þjónustu þegar um bifreiðir yfir 5 tonnum sé að ræða. Skoðun á bifreiðinni 4. september hafi verið gerð eftir að henni hafi verið ekið nokkur þúsund kílómetra frá því að kaupin voru gerð. Númer hafi verið tekin af bifreiðinni en álitsbeiðandi látið setja þau á aftur til þess að hann gæti skilað bifreiðinni í sem líkustu ástandi og hún hafi verið við kaupin. Seljandi hafi hins vegar skorast undan því að viðurkenna riftun kaupanna. Þá bendir lögmaðurinn á að við mat á því hvað teljist veruleg vanefnd beri að líta til þess að seljandi hafi þekkt til ákveðinna bilana í bifreiðinni áður en hún hafi verið seld en ítrekaðar athugasemdir komi fram í fyrri skoðunum. Seljanda hafi borið að upplýsa kaupanda um þær og sinna með því lögboðinni

upplýsingaskyldu sinni. Þá sé ljóst að á grundvelli hlutlægra sjónarmiða hafi verið verulegir gallar á bifreiðinni.

## VI

### Úr gögnum málsins

Í skoðunarvottorði fyrir bifreiðina frá 4. september 2008 kemur fram að eftirtalið þarfnist lagfæringar: Rúðupurrkur, bakkljós, breiddarljós, lekamengun á vél, lekamengun úr aflrás og rafgeymir. Eftirtalin atriði beri að endurskoða: Rúðusprautu, spegla hægra megin, ljósker aðalljósa, stefnuljós beggja megin, hliðarljós, útblásturskerfi, mengunarmæling hafi ekki verið framkvæmanleg, jafnvægisstöng að framan, ökurita, hemlaborða og klossa, hemlaskálar og diska, arma barka og víra og hemlunargetu lofthemla. Þá er merkt við ójafna hemlakrafta og í skýringum er sagt að þeir virki ekki að framanverðu. Akstursbannið byggist á síðastnefnda atriðinu.

Upplýsingar úr Ökutækjaskrá sýna að Y hefur eignast bifreiðina 29. apríl 2008 og er hún fjórði eigandi hennar frá því að hún var skráð 11. september 1998. Bifreiðina kaupir Y af E sem hefur eignast hana 19. september 2005. Í gögnum kemur fram að bifreiðin er fyrst skráð í Þýskalandi 5. september 1995.

Af Ökutækjaskrá er svo að sjá að síðasta skoðun fyrir skoðunina á Selfossi 6. maí 2008 hafi verið framkvæmd 8. mars 2006 en á þeim tíma er fyrirtækið E skráður eigandi bifreiðarinnar. Við þá skoðun er skráð að lagfæra þurfi breiddarljós en frestur gefinn vegna stefnuljósa, hliðarljósa, útblásturskerfis og sagt er að mengunarmæling sé ekki framkvæmanleg. Næsta skoðun þar á undan fer fram 6. október 2005 og er þá skráð að lagfæra þurfi breiddarljós og frestur gefinn vegna útblásturskerfis, hjóllega og ökurita og að mengunarmæling sé ekki framkvæmanleg.

## VII

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðenda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, sbr. ákvæði 1. mgr. 1. gr. laganna. Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað álits sérfróðs aðila með heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Kaupsamningur og afsal fyrir bifreiðinni eru rituð á sýnishorn af kaupsamningi og afsali vegna ökutækjaviðskipta. Auk hefðbundins prentaðs texta slíks skjals eru ekki skráðar aðrar upplýsingar en hverjir séu seljandi og kaupandi, um hvaða bifreið sé að ræða, hvert sé fastanúmer hennar, að bifreiðagjöld og þungaskattur séu greidd svo og kaupverðið, kr. 550.000. Í hinum prentaða texta segir að ökutækið seljist í núverandi ástandi sem kaupandi hafi kynnt sér og sætti sig við og einnig að seljandi staðfesti við söluna að ástand ökutækisins sé í samræmi við það sem komi fram í skjalinu og meðfylgjandi gögnum. Engar upplýsingar er að finna hver meðfylgjandi gögn kunna að hafa verið en gera verður ráð fyrir að seljandi hafi sýnt eða látið álitsbeiðanda vita af skoðunarvottorðinu frá 6. maí 2008. Í gögnum málsins kemur ekki fram hvort álitsbeiðandi hafi í raun skoðað bifreiðina fyrir kaupin en upplýst er að svokölluð

ástandsskoðun fór ekki fram. Af hálfu álitsbeiðanda er því lýst að skoðunarstöðvar taki ekki að sér slíka skoðun þegar bifreið er yfir 5 tonnum.

Eins og fyrr er rakið eru í skoðunartvörförðinu frá 6. maí engar athugasemdir gerðar við ástand bifreiðarinnar sem má telja með ólíkindum þegar litið er til þeirra athugasemda sem gerðar eru við skoðunina 4. september sama ár. Þegar síðari skoðunin fór fram hafði álitsbeiðandi átt bifreiðina í hálfan mánuð og í athugasemdum lögmanns álitsbeiðanda frá 9. janúar sl. segir að bifreiðinni hafi verið ekið nokkur þúsund kílómetra frá því að kaupin fóru fram. Þegar til þess er litið sem að framan er skráð eru yfirgnæfandi líkur á því að það sem talið er vera að bifreiðinni við skoðunina 4. september hafi einnig verið að henni þegar kaupin fóru fram, a.m.k. að töluverðu leyti. Má þó líta til þess að þrír og hálfur mánuður liðu frá skoðuninni 6. maí þar til bifreiðin var seld og hugsanlegt er að á þeim tíma hafi einhverjar bilanir komið fram og því verið til staðar þegar bifreiðin var seld.

Hafa verður í huga að sumir þessara galla eru augljósir og hefðu ekki átt að dyljast kaupanda við venjulega sjónskoðun og akstur bifreiðarinnar. Má þar nefna þær athugasemdir sem gerðar eru við ljósabúnað bifreiðarinnar í skoðunartvörförðinu frá 4. september og jafnvel eitthvað af því sem sagt er vera að hemlabúnaði. Þá verður og að hafa í huga að um er að ræða 13 ára gamla bifreið sem mun hafa verið ekið um 300.000 km þegar kaupin fóru fram. Kaupandi slíkrar bifreiðar má vissulega búast við því að hún sé farin að slitna og ýmislegt geti verið að henni sem þarfnist lagfæringar. Á móti því kemur að ákveðnar líkur benda til þess hann hafi haft a.m.k. vitneskju um skoðunartvörförðið frá 6. maí og að einhverju leyti treyst á það. Lögmaður seljanda bendir og á í andmælum að bifreiðin hafi fengið athugasemdalaus skoðun á þessum tíma.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni stendur að hún seljist í núverandi ástandi sem kaupandi hafi kynnt sér og sætt sig við. Af þessu leiðir að um kaupin eiga við ákvæði 19. gr. laga nr. 50/2000. Í 1. mgr. þeirrar greinar segir m.a. eftirfarandi:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin ...“

Í 20. gr. laga nr. 50/2000 segir m.a. eftirfarandi:

„Kaupandi getur ekki borið neitt fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.“

Það er álit kærunefndarinnar að bifreiðin sem álitsbeiðandi keypti hafi verið haldin göllum í skilningi þess sem segir í 1. mgr. 19. gr. laga nr. 50/2000 og rakið er hér að framan. Það er hins vegar álit kærunefndarinnar að suma þessara galla hafi álitsbeiðandi mátt sjá við skoðun en miklar líkur séu til þess að einhverjir þeirra hafi leynst honum og skoðunarvottorðið frá 6. maí 2008, sem vægast sagt er með nokkrum ólíkindum, hafi getað gert hann andvaralausari en annars hefði verið. Samkvæmt þessu er það álit kærunefndarinnar að hvorugur aðila hafi fullnægt skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 50/2000 en álitsbeiðandi eigi engu að síður nokkurn rétt á hendur seljanda samkvæmt 1. mgr. 30. gr. þeirra laga þar sem segir m.a. eftirfarandi:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök kaupanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur kaupandi samkvæmt ákvæðum 31.-40. gr. krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæði 42. gr.“

Álitsbeiðandi gerir kröfu til þess að kaupunum verði rift. Í 1. mgr. 39. gr. laga nr. 50/2000 segir að kaupandi geti rift kaupunum megi meta galla til verulegra vanefnda. Þegar litið er til þess að hér var um gamla og mikið notaða bifreið að ræða sem búast mátti við að væri töluvert slitin svo og að álitsbeiðandi virðist ekki hafa sinnt skoðunarskyldu sinni sem skyldi þykja vanefndir seljanda ekki svo miklar að unnt sé að fallast á að álitsbeiðandi eigi rétt á að rifta kaupunum. Skiptir hér ekki máli þótt vera kunnir að seljandi hafi á sínum tíma fallist á riftun, en ljóst er að hún fellst nú ekki á riftun kaupanna. Það er hins vegar álit kærunefndarinnar að álitsbeiðandi eigi rétt á afslætti af kaupverðinu í samræmi við ákvæði 1. mgr. 37. gr. laga nr. 50/2000 enda hefur seljandi ekki boðið álitsbeiðanda neinar úrbætur og ný afhending söluhlutar kemur ekki til álita. Þann afslátt verður að meta að álitum og þykir kærunefndinni hæfilegur afsláttur vera kr. 250.000. Af þessari niðurstöðu leiðir að kröfur álitsbeiðanda um greiðslu áfallins kostnaðar af bifreiðinni verða ekki teknar til greina.

## VIII

### Álitsorð

Y greiði álitsbeiðanda, X, kr. 250.000.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

